



# Fornleifaskráning vegna lagningar vegslóða frá Reykjum að Krossi í Mjóafirði

Guðný Zoëga

Rannsóknarskýrslur 2023/008

**Forsíðumynd:** Horft til austurs yfir bæjarstæði á Krossstekk. Vinstra megin á mynd er bæjarrústin og hægra megin og nær á mynd má sjá útihúsatóft. Ruddur vegslóði að bænum sést í forgrunni.

© Guðný Zoëga.

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	4
Tilgangur fornleifaskráningar .....	4
Aðferðafræði .....	5
Lýsing á skráningarsvæðinu .....	6
Lega veglínu .....	6
Fornleifaskrá .....	7
Minjar í landi Kross .....	7
Minjar í landi Reykja .....	14
Samantekt .....	15
Hættumat .....	15
Niðurlag .....	16
Heimildaskrá .....	17

## Inngangur

Að beiðni Bergs Valdimars Sigurjónssonar, eiganda eyðijarðarinnar Kross í Mjóafirði, var gerð fornleifaskráning vegna endurbóta á vegslóða frá Reykjum út að Krossi á suðurströnd Mjóafjarðar. Vettvangsferð var farin 15. september 2023. Stuðst var við útlínur vegar á mynd frá verkkaupa og voru minjar skráðar 20m til hvorrar áttar frá miðlínu vegslóða. Minjar skammt utan 20m markanna voru þó einnig skráðar og fylgja með í skýrslunni. Undirbúningur, vettvangsvinna og úrvinnsla var í höndum Guðnýjar Zoëga, fornleifafræðings.

Heimildamaður var Ólafur H. Wium frá Reykjum. Hann fær kærar þakkir fyrir aðstoðina.

**Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 3131**

## Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða fyrirhugaðra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spilt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga nr. 80 frá 29. júní 2012.<sup>1</sup> Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]“

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsést.

---

<sup>1</sup> Lögín má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

## **Aðferðafræði**

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Loftmyndir, vefsjár og önnur landfræðileg gagnasöfn eru einnig nýtt til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.


Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, verkefnanúmer sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Minjar í landi Kross, Krossstekkjur og Reykja eru auðkenndar með nafni viðeigandi jarðar en aftan við það bætt verknúmeri frá Minjastofnun Íslands sem í þessu tilfelli er 3131.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. híbýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðræktar eða landrofs. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: [www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is). Hættumat í þessu tilfelli miðast aðallega við hættu af völdum fyrirhugaðrar veglagningar en einnig vegna skipulagðrar skógræktar í landi Kross. Hætta vegna veglagningarinnar er ekki mikil verði fullt tillit tekið til minja við framkvæmdir og ekki vikið frá þeirri veglínu sem sýnd er í gögnum verkkaupa.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tæki sem gefur nákvæmni undir 1m í skekkju. Afstöðumynd af veglínu og minjum er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaðan aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minja, þar sem hún er þekkt, gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93). Loftmyndir af svæðinu eru frá Loftmyndum ehf, birtar með leyfi frá Skógræktinni. Örnefni eru fengin af örnefnasjá Landmælinga en þau voru skráð eftir Vilhjálmí Hjálmarssyni á Brekku. Hluti jarðarinnar Kross hafði áður verið skráður vegna áætlaðrar skógræktar og í skýrslunni fylgja eldri númer minjanna sem skráðar voru á skógræktarsvæðinu.<sup>2</sup>

---

<sup>2</sup> Guðný Zoëga, 2023.



Mynd 1. Yfirlitsmynd sem sýnir skráningarsvæðið. Rauða línan er væntanleg veglína og gulu punktarnir minjar sem skráðar voru. Gula línan sýnir eldri götur [3131-013].

## Lýsing á skráningarsvæðinu

Vegslóðin liggur um núverandi lönd jarðanna Kross, Krossstekkjar og Reykja. Upphaflega var Krossstekkur hjáleiga frá Krossi og talin sem slík í fasteignamati 1918. Hún varð sjálfstæð jörð skömmu áður en hún fór í eyði. Minjar í núverandi landi Krossstekkjar eru því taldar með Krossi en minjar innan heimatúns á Krossstekk fá forskeytið Krossstekkur í auðkennisnúmeri. Jarðanna Kross og Reykja er fyrst getið í Vilchinsmáldaga frá 1374, en þar eru Reykir nefndir Rjúkindi.<sup>3</sup> Landamerki jarðanna lágu um svokallaðan Rjúkindalæk.<sup>4</sup> Í manntali 1703 eru Reykir sagðir í eyði.<sup>5</sup> Að fornu mati voru Reykir 6 hundruða jörð en Kross 20 hundruð. Árið 1847 var Kross hinsvegar metin 12 hundruð og þar af 2 hundruð í hjáleigunni Krossstekk.<sup>6</sup> Hjáleigur frá Krossi voru Höfn, Krossstekkur (áður Kross-hjáleiga, Stóri-Stekkur), Miðhús (hjáleiga í túni á Krossstekk), Gilsá eða Gilsártangi og býlið Rjúkindi sem virðist hafa fengið eldra nafn jarðarinnar Reykja.<sup>7</sup> Vegslóðin liggur um lönd allra þessara hjáleiga nema Hafnar. Kross fer í eyði 1947 og Krossstekkur 1950. Reykir voru hinsvegar í byggð fram til 1982.<sup>8</sup>

## Legu veglínu

Ætlunin er að laga vegslóða sem lagður var út að jörðinni Krossi, ystu jörð á suðurströnd Mjóafjarðar, árið 1955. Vettvangsferð var farin 15. september 2023, væntanleg veglína gengin og skráð 20m svæði til beggja átta frá miðlínu vegar. Minjar skammt utan 20m markanna voru þó einnig skráðar. Um er að ræða um 850m langa rudda slóð sem á að lagfæra. Slóðin beygir af heimreiðinni að Reykjum niður fyrir heimatún og liggur þar með brekkubrún á um 100m löngum kafla. Þar liggur hún niður að mynni Reykjaár og verður notast við vað á ánni neðan núverandi brúar. Vegurinn liggur svo upp á brekkuna austan árinna og út með ströndinni að túni á Krossstekk. Vegslóðin fylgir eldri ruddum vegslóða nema í túni á Krossstekk þar sem hann verður fluttur upp fyrir túnið en lá áður í túni neðan bæjarins. Slóðin mun liggja skammt ofan bæjarstæðisins yfir bæjarlækinn og til austurs á 150m kafla, efst í

<sup>3</sup> Íslenskt fornbréfasafn IV. bindi, bls. 225.

<sup>4</sup> Sveitir og jarðir í Múlaþingi, 2. bindi, bls. 543.

<sup>5</sup> Manntal 1703, bls. 402.


<sup>6</sup> Johnsen, 1947, bls. 372.

<sup>7</sup> Sveitir og jarðir, 2. bindi, bls. 543; Vilhjálmur Hjálmarsson, 1988, bls. 89-131.

<sup>8</sup> Sveitir og jarðir í Múlaþingi, 2. bindi, bls. 542 og 545; Vilhjálmur Hjálmarsson, 1988, bls. 168.

mýri, að hleðslum undan landamerkjagirðingu milli Kross og Krosstekkjjar. Þar mun slóðinn liggja niður með hleðslunni að opi sem er á henni og fylgja þar gamla vegslóðanum að vesturhlið túns á Krossi.

## Fornleifaskrá



Mynd 2. Lega útihúsatóftar og vegslóða í vesturenda túns á Krossi.

## Minjar í landi Kross

### Kross 3131-001

Eldra númer: 2951-025

Sérheiti: Hólshlaða?

Hlutverk: Fjánhús, hlaða

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta, er 14m frá vegenda

### Staðhættir

Um 60m vestan bæjarstæðis á Krossi er fjánhús- og hlöðutóft.

### Lýsing

Tóftin tvískipt og líkist fremur fjánhúsi með áfastri hlöðu en bara hlöðutóft. Tóftin snýr nálega N-S, 12x15m að utanmáli og hafa dyr vitað í norður. Vegghleðslur standa enn vel, veggir hæstir um 1m og 1m á þykkt.

### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Kross (bls. 13) segir: „Skammt utan við Bæjarlæk, ofan við götu var Hólshús og Hólshlaða.“ Á örnefnakorti hjá Landmælingum er hinsvegar tóft innan við bæjarstæðið neðan götu



Mynd 3. Yfirlitsteikning.

kölluð Hólshlaða. Þetta passar ekki við lýsingu í örnefnaskrá en á túnakorti má sjá byggingu ofan við Hólshús. Vera kann að það hafi verið Hólshlaðan en þarna er nú einungis sléttuð flöt í túni.



Mynd 4. Horft til austurs að bæjarstæði Kross. Sjá má ruddan vegslóða fyrir miðri mynd og eldri götu vinstra megin nær fjörunni.

#### **Kross 3131-002**

**Eldra númer:** Kross 2951-022

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Vegur

**Hættumat:** Mikil hætta, verður endurgerður

#### **Staðhættir og lýsing**

Ruddur slóði liggur neðan brekku til vesturs inn frá túninu.

#### **Aðrar upplýsingar**

Um er að ræða vegslóða sem ruddur var 1955 og notaðar sem bílvegur. Á köflum liggur slóðinn ofan á gömlu götunum út ströndina og því

er hann hafður með í skráningunni. Ruddi slóðinn liggur frá vesturenda túns á Krossi til vesturs að Reykjum og sameinast þar veginum inn fjörðinn. Samkvæmt heimildamanni, Ólafi Wium, var slóðinn ruddur 1955.

#### **Kross 3131-003**

**Hlutverk:** Landamerki

**Tegund:** Hleðsla

**Hættumat:** Mikil hætta, innan við 5m frá veglínu

#### **Staðhættir**

Upp af klettadrangi sem nefndist Banar við innanverða Sandfjöru liggur hleðsla undan girðingu frá klettum ofan fjöru upp undir kletta í hlíðinni ofan við.

#### **Lýsing**

Hleðslan er alls um 180m löng

#### **Aðrar upplýsingar**

Hleðslan er undan landamerkjagirðingu milli Krossstekkjar og Kross. Lengst af var Krossstekkur talinn með heimajörðinni Krossi en í Mjófirðingasögu II (Vilhjálmur Hjálmarsson 1988, bls. 89) segir: „Nokkru áður en Suðurbyggð lagðist í eyði var farið að telja Krossstekk sjálfstæða jörð. Landamerki við Kross voru um Sandfjöru og við Reyki eins og segir í landamerkjabréfi Krossjarðar frá 13. Júlí 1890.“



Mynd 5. Steinar undan landamerkjagirðingu [3131-003], horft í norður.





Mynd 6. Yfirlitsteikning af minjum efst í túni á Krossstekk.

#### **Krossstekkur 3131-004**

**Hlutverk:** Óþekkt, ræsi

**Tegund:** Niðurgroftur

**Hættumat:** Mikil hætta, er í vegslóða

#### **Staðhættir**

Skurður eða ræsi liggur frá suðurhluta bæjarstæðis til SA í átt að bæjarlæknum.

#### **Lýsing**

Skurðurinn er alls 23m langur. Norður helmingur hans er grynri en hann er dýpri þar sem hann kemur í bæjarlækinn þar sem hann er um 50cm djúpur.

#### **Krossstekkur 3131-005**

**Sérheiti:** Krossstekkur, Krosshjáleiga, Stóri-Stekkur

**Hlutverk:** Híbyli

**Tegund:** Steinsteypa, bæjarhóll

**Hættumat:** Engin hætta

#### **Staðhættir**

Krossstekkur var næst-ysta býlið á suðurströnd Mjóafjarðar, 1,1km innan við býlið Kross.

#### **Lýsing**

Þarna er steipt gólfplata með steiptum kjallaraveggjum, líklega undirstöður undan húsinu sem byrjað var að reisa 1950. Steypuveggir standa að hluta en eru þó nokkuð hrundar. Steiptur strompur stendur enn. Grunnurinn stendur á leifum eldri bæjarhúsa.



Mynd 7. Horft til austurs yfir leifar yngsta bæjarins á Krossstekk.

### **Aðrar upplýsingar**

Jarðarinnar er ekki getið í manntali 1703. Í Mjófirðingasögu II eftir Vilhjálmm Hjálmarsson segir: „Um nafnið á þessari aðalhléleigu á Krossi og forsögu býlisins að öðru leyti segir Sigurður Helgason meðal annars: „Í bændatalinu 1734 er getið um Krosshléleigu. 1762: Krosshléleiga í eyði. 1776: Ferðabók Olavíusar nefnir Krosshléleigu meðal eyðijarða í Fjarðarsókn, telur hana hafa farið í eyði 1756, (í byggð 1734-56?). 1804: Höfn og Krosshléleiga eyðiból frá Krossi. 1825 er á ný byggð hléleiga frá Krossi, Stóri-Stekkur (svo 1823-29). Í manntalsbók 1834 Krossstekkur í fyrsta sinn. 1835: Í manntali Krossstekkur [...] Nokkru áður en Suðurbyggð lagðist í eyði var farið að telja Krossstekk sjálfstæða jörð. Landamerki við Kross voru um Sandfjöru og við Reyki eins og segir í landamerkjabréfi Krossjarðar frá 13. Júlí 1890.“ Í Sveitum og jörðum (2. bindi, bls. 541) segir: Síðasta íbúðarhús úr timbri og járn sneri fram á hlaðið. Útihús torf- og grjóttveggir, járnþök. Síðasti ábúandi, Gunnar Víglundsson var langt kominn að byggja nýtt timburhús utan um gamla húsið, en reif það þegar hann flutti af jörðinni. Engin hús uppistandandi.“

### **Krossstekkur 3131-012**

**Hlutverk:** Matjurtagarður

**Tegund:** Niðurgroftur

**Hættumat:** Mikil hætta, um 7m frá miðlínu áætlaðs vegslóða

### **Staðhættir**

Um 5m suður af þar sem eldri bæjarhús stóðu og um 8m suður af steypa húsgrunninum eru útlínur matjurtagarðs.

### Lýsing

Garðurinn sést einungis sem ferköntuð dæld en mikill gróður var á svæðinu við skráningu. Mál voru tekin af loftmynd. Garðurinn hefur verið um 22x15m að stærð, líklega umlukinn vírgirðingu.

### Aðrar upplýsingar

Garðurinn sést fast sunnan íbúðarhússins á túnakorti Krossstekkjar frá 1919.<sup>9</sup> Í undirmati fasteigna frá 1916-1918<sup>10</sup> er nefndur matjurtareitur um 350m<sup>2</sup> sem passar við stærðina á matjurtagarðinum.

### Kross 3131-006

**Hlutverk:** Fjós, hlaða

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hætta, um 7m frá miðlínu ætlaðs vegslóða

### Staðhættir

Um 18m SV af bæjarstæði Krossstekkjar er tvískipt útihúsatóft.

### Lýsing

Tóftin liggur NNV-SSA og er 7m að breidd og 17m að lengd að utanmáli. Hleðslur standa enn ágætlega en þó nokkuð hrundar. Veggir eru um 1m á þykkt og 1m á hæð þar sem hæstir. Tóftin er tvískipt og dyr milli hólfa. Dyr eru á byggingunni á norður skammvegg og vestur langvegg. Tóftin stendur á nokkurri upphækkun sem bendir til að hún standi á leifum eldri bygginga.

### Aðrar upplýsingar

Heimildamaður Ólafur Wium taldi líklegt að þarna hefði verið fjós.



Mynd 8. Stekkur eða heytóft [3131-007].

### Kross 3131-007

**Hlutverk:** Stekkur, fjárhús/hlaða?

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Hætta, er innan við 10m frá miðlínu vegslóða

### Staðhættir

Í móa um 170m austan við brúna á Gilsá og um 500m VSV af Krossstekk, um 8m ofan (sunnan) við vegslóða er tvískipt tóft.

### Lýsing

<sup>9</sup> Skoðað 21.10.2023. <http://testbirting.manntal.is/>

<sup>10</sup> Skoðað 21.10.2023. <https://jardavefur.skjalasafn.is/fasteigna--og-jardamat/#pg-3>

Tóftin liggur norður-suður, 5m á breidd og 14m að lengd að utanmáli. Nyrðra hólfið er 2x6m og syðra hólfið 2x5m að innanmáli. Veggjabykk er 1m og hæð mest 60cm. Veggir eru algrónir og hvergi sést í stein. Tóftin er vaxin grasi mosa og ljónslöpp.

#### Aðrar upplýsingar

Útlit tóftar gæti bent til stekkjar en ekki er útilokað að þetta séu fjárhús eða jafnvel heytóft. Heimildamaður kannaðist ekki við hlutverk tóftar.

#### Kross 3131-008

**Sérheiti:** Gilsártangarétt,  
Tangarétt

**Hlutverk:** Rétt

**Tegund:** Hleðsla, timbur

**Hættumat:** Mikil hætta, um  
6m frá miðlinu vegar

#### Staðhættir

Gilsártangarétt var fast ofan túngarðs við býlið Gilsá/  
Gilsártanga, um 70m vestur af  
Gilsá og um 800m vestur af  
Krossstekk.

#### Lýsing

Réttin hefur verið um 20x25m  
að stærð, að mestu úr timbri.  
Hlaðin tóft er við austurhlið  
réttarinnar, austur skamm-  
veggur og suður langveggur  
eru greinilegastir, um 70cm á  
hæð og 80cm á breidd. Ennþá  
standa nokkrir timburstaurar  
úr réttinni en hún er annars  
fallin. Á svarthvítri loftmynd  
frá 1994 má sjá a.m.k. 10  
dilka í réttinni.

#### Aðrar upplýsingar

Samkvæmt heimildamanni  
Ólafi Wium var réttin var í

notkun fram yfir 1990. Réttin hefur líklega verið skilarétt Mjófirðinga í öndverðu en Norðfirðingar hana síðustu áratuginu. Hún var úr timbri allt frá því að Ólafur man fyrst eftir en vera kann að hún hafi upphaflega verið hlaðin úr grjóti en það er lítið sem bendir til þess nú annað en mögulega hleðslan austan hennar. Í örnefnaskrá Kross sem gerð var 1984 (bls. 12) segir: „Innan við ána [Gilsá], á allháum sjávarbakka, er allstór grasflötur, og heitir þar Gilsártangi. Þar var hjáleiga, og var búið þar fram yfir síðustu aldamót. Var býlið oftast nefnt Gilsártangi, en einnig Gilsá og oft í daglegu tali Tangi. Þarna er Gilsártangarétt, í daglegu tali Tangarétt, enn í notkun.“



Mynd 9. Á efri myndinni má sjá staura sem enn standa eftir af Gilsártangarétt og hægra megin við þá er slóðin sem verður löguð, horft í austur. Neðri myndin er afstöðumynd af minjunum.



Mynd 10. Horft í austur yfir túngarð [3131-009] efst á Gilsártanga.

### Kross 3131-009

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Hleðsla

**Hættumat:** Engin hætta, nema ef vegslóða verður breytt

#### Staðhættir

Túngarður liggur þvert yfir svokallaðan Gilsártanga sem er fast vestan mynnis Gilsár.

#### Lýsing

Garðurinn liggur frá Gilsá í austri til vesturs að sjávarbökkum vestan við Gilsártanga. Garðurinn er um 330m langur, allt að

1m á hæð og um 1,5m þar sem hann er breiðastur. Sumstaðar sést hann einungis sem einföld grjótröð. Garðurinn myndar norðurhlíð Gilsártangaréttar [3131-008].

#### Aðrar upplýsingar

Býlið Gilsá var í byggð í frá 1892-1903. (Vilhjálmur Hjálmarsson, 1988, bls. 123). Í örnefnaskrá Kross (bls. 12) segir: „Innan við ána [Gilsá], á allháum sjávarbakka, er allstór grasflötur, og heitir þar Gilsártangi. Þar var hjáleiga, og var búið þar fram yfir síðustu aldamót. Var býlið oftast nefnt Gilsártangi, en einnig Gilsá og oft í daglegu tali Tangi. Þarna er Gilsártangarétt, í daglegu tali Tangarétt, enn í notkun.“

### Kross 3131-010

**Hlutverk:** Sjóhús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Engin hætta er um 25m frá miðlínu vegslóða

#### Staðhættir

Frammi á bakka ofan sjávar um 460m austan við Reykjaá er tóft.

#### Lýsing

Tóftin snýr norður-suður og hefur þil vitað í norður. Hlaðnir grjóttveggir á þrjá vegu. Veggir eru um 80cm á breidd og 80cm á hæð. Veggir að utan til algrónir en sést í hleðslur inni í tóftinni. Framan við tóftina er járnstaur sem í er föst járnkeðja sem liggur niður brekkuna niður í fjöru.

#### Aðrar upplýsingar



Mynd 11. Yfirlitsteikning af sjóhúsi ofan Selhella.

Heimildamaður, Ólafur Wium, kannaðist við tóftina en segir þetta hafa verið orðið að tóft þegar fjölskylda hans flutti í Reyki 1947. Tóftin er ofan við svokallaða Selhelli þar sem Reykir áttu uppsátur en ekki er um að ræða sjóhúsið sem nefnt er í örnefnaskrá sem mun hafa staðið niðri á klettunum. Í örnefnaskrá Kross (bls. 12) segir: „Allskammt fyrir innan vog [Lambavog] þennan heitir Selhella. Þar gengur allmyndarlegt klapparnef í sjó fram, og við það sæmileg afköst. Í króknum innan við klappirnar er lending, þröng, og voru bátar settir upp klappirnar, sem þar eru tiltölulega sléttar. Í skorunni, þar sem lent var árabátum, er lítið sker eða naggur, sem nefnist Kerling, varasöm, en veitti skjól, þegar komið var upp fyrir hana. Þarna var löngum lending Reykjabænda og sjóskúr efst og innst á klöppunum, a.m.k. í seinni tíð.“



Mynd 12. Tóft af sjóhúsi, sjá má hluta af Selhelli í bakgrunni.

### **Kross 3131-013**

**Hlutverk:** Samgöngubót

**Tegund:** Gata

**Hættumat:** Hætta vegna vegabóta

#### **Staðhættir/lýsing**

Vegslóðinn sem ætlunin er að endurbæta liggur að hluta á gömlu götunum milli Reykja og Kross en á köflum eru gömlu göturnar enn sýnilegar neðan (norðan) við rudda vegslóðann.

#### **Aðrar upplýsingar**

Göturnar eru sýndar á mynd 1 og yfirlitsmynd aftast í skýrslu.

### **Minjar í landi Reykja**

#### **Reykir 3131-010**

**Sérheiti:** Árbástótt

**Hlutverk:** Sjóskúr, fisk- og hákarlshjallur

**Tegund:** Heimild

#### **Lýsing**

Engar leifar tóftarinnar fundust við skráningu.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Reykja (bls. 4) segir: „Bratt er upp úr Árbásnum að innan, því nú verða háir bakkar með sjó á kafla. Heitar þeir Reykjabakkar. Þar sem þeir enda í nefi út við árgilið, er stundum nefnt Bakkahorn. Þar er *Árbástótt*. Þar kvað eitt sinn hafa verið sjóskúr og enn áður fisk- og hákallshjallur. Mun eitthvað hafa verið róið úr Árbásnum, þótt þar sé stórgrýtt fjara og ókyrr sjór í hafátt.“ Samkvæmt heimildamanni Ólafi Wium er búið að slétta tóftina. Hnit voru tekin á þeim stað sem hún er sýnd á örnefnakorti á síðu Landmælinga.<sup>11</sup> Hnitpunkti gæti því skeikað um einhverja metra.

<sup>11</sup> <https://ornefnasja.lmi.is/mapview/?application=ornefnasja>

## Samantekt

Alls voru 13 minjar skráðar á vettvangi vegna áætlaðrar endurgerðar á vegslóða, 12 minjar eru enn til staðar en ein er horfin. Allar minjarnar eru hefðbundnar landbúnaðar- og útvegsmínjar frá síðari hluta 19. aldar fram á miðja 20. öld. Þær 11 minjar sem enn eru til staðar eru í fyrrum landi Kross en ein tóft, svokölluð Árbástóft, var í landi Reykja en er nú horfin. Gata [3131-013] sem liggur út ströndina er í löndum beggja jarða en er talin með Krossi þar sem hún lá að stærstum hluta í landi Kross.

Vegna 100 ára reglu laga um menningarminjar teljast minjar frá 1923 og eldri til fornleifa.<sup>12</sup> Ekki er fullvíst að allar minjarnar falli undir ákvæði laganna en byggð lagðist af í Suðurbyggð fyrir daga stórvirkra vinnuvéla og þar er að finna minjaheild sem hefur að mjög litlu leyti verið raskað af seinni tíma framkvæmdum. Minjar á svæðinu bera vitni búskaparháttum við sjávarsíðuna sem byggðu á nokkru eða miklu leyti á sjósókn og eru mikilvægur vitnisburður um byggðina á suðurströnd Mjóafjarðar eins og hún var á öndverðri 20. öld. Það er því mikilvægt að minjarnar séu skráðar sem hluti af heild, ekki einvörðungu samkvæmt laganna hljóðan.

## Hættumat

Við gerð skráningar er lagt mat á hvort minjar geti verið í hættu vegna framkvæmda eða af náttúrulegum orsökum. Þetta mat byggir á stöðlum Minjastofnunar Íslands en þar eru þrjú flokkar, engin hættu, hættu og mikil hættu.<sup>13</sup> Mat á hættu einstakra minja má finna í hnitatöflu í viðauka við skýrslu.

Á stærstum hluta leiðarinnar er ætlunin að endurgera vegslóða sem þegar hefur verið ruddur og ætti því að vera auðvelt að forðast skemmdir á minjum við framkvæmdina. **Efst í túni ofan bæjar á Krossstekk verður þó að fara að með sérstakri gát þar sem að þar er um nýlagningu vegslóða að ræða.** Minjar innan 10m frá veglínu eru metnar í mikilli hættu, 10-20m í hættu og minjar utan 20m í engri hættu.

Tafla 1. Hættumat minjanna sem skráðar voru.

Ástæða	Fjöldi minja
Mikil hættu	7
Hættu	2
Engin hættu*	3
Ómetið	1
Samtals	13

\*Miðað við að legu vegslóða verði hvergi breytt.

Í túni á Krossi er útihúsatóft [3131-001] sem liggur um 14m norðan við þar sem veglínan endar skv. gögnum frá verkkaupa. Tóftin er ekki í mikilli hættu vegna vegslóðans ef hann endar eins og sýnt er á mynd. Ef vegslóðinn verður lagður lengra inn á túnið þarf að endurnýja hættumatið. Núverandi vegur [3131-002] er skráður enda liggur hann á köflum ofan á gömlu götunum út ströndina. Þar sem hann verður endurgerður er hann metinn í mikilli hættu en hann telst ekki til fornleifa og þar sem hann liggur yfir götur eru þær horfnar. Slóðinn liggur í gegn um hlið á hleðslu undan landamerkjagirðingu

<sup>12</sup> <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

<sup>13</sup> [https://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/skraningarstadlar\\_2013\\_fornleifar.pdf](https://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/skraningarstadlar_2013_fornleifar.pdf)

**[3131-003]** á mörkum Kross og Krossstekkjur og að hluta upp með girðingunni að vestan. Þessi landamerki komu til skömmu áður en byggðin lagðist af og óvíst hvort minjarnar teljast fornleifar. Hleðslan er metin í mikilli hættu vegna nálægðar við veg en þó er lítil hættu á að hún verði fyrir skemmdum þar sem vegurinn liggur nú þegar í gegn um hana. Nýr vegslóði verður gerður efst í túni á Krossstekk og ofan bæjarstæðisins. Einu minjarnar sem fyrirsjáanlega koma til með að verða fyrir skemmdum vegna veglagningarinnar er suðurendi skurðar eða ræsis **[3131-004]** sem liggur frá bæjarstæðinu að bæjarlæknum. Leifar af matjurtagarði **[3131-012]** eru um 8m norður af veglínunni og mikilvægt að varúðar sé gætt við lagningu vegar meðfram honum. Bæjarstæðið **[3131-005]** liggur utan 20m frá slóðanum og telst ekki í hættu nema ef veglínunni verður breytt. Um 17m vestan við bæjarrústirnar er stæðileg útihúsatóft **[3131-006]**. Tóftin er um 7-9 m norðan við vegslóðann og ætti að vera auðvelt að forðast hana þar sem hún er vel greinanleg. Austan Gilsár er stekkjur-, fjárhús- og/eða heytóft **[3131-007]** sem liggur um 7m sunnan vegslóðans. Vegna aurbleytu í núverandi slóða hefur þó augljóslega verið keyrt alveg upp að tóftinni. Mikilvægt er að slóðinn verið ekki færður nær henni. Efst á Gilsártanga eru leifar Gilsártangaréttar **[3131-008]** um 3-5m norðan vegslóðans. Réttin sjálf var úr timbri og er að mestu fallin þó svo að einstaka staur standi enn uppi. Það er því lítil hættu á því að réttin verði fyrir skemmdum en þó skyldi forðast jarðrask alveg við hana. Vegghleðsla á föst réttinni að austan er hinsvegar í 16m fjarlægð og lítil hættu á að raskað verði við henni. Túngarður **[3131-009]** sem afmarkað hefur tún á býlinu Gilsá liggur rétt um 20m norðan við vegslóðann og því vart í hættu. Hann er þó skráður með hér þar sem hann myndar hluta af norðurvegg Gilsártangaréttar. Tóft af sjóhúsi **[3131-010]** liggur um 25m neðan og norðan við vegslóðann og því ekki í hættu. Samkvæmt heimildum var svokölluð Árbástóft **[3131-011]** á vesturbakka Reykjaár en hún er nú horfin. Miðað við merkingu á örnefnakorti hefur hún legið innan við 20m frá veglínunni og staðsetning hennar því höfð með í skýrslunni. Engin ummerki fundust um tóftina á vettvangi eða á loftmyndum. Gömlu göturnar **[3131-013]** sjást á köflum neðan (norðan) við rudda vegslóðann **[3131-002]**. Þar sem ætlunin er að lagfæra veginn sem þegar liggur að hluta yfir götunum munu þær vart verða fyrir frekari skemmdum en nú þegar er orðið.

## Niðurlag

Einu minjarnar sem koma fyrirsjáanlega til með að verða fyrir skemmdum er endi á skurði eða ræsi **[3131-004]** sunnan bæjarstæðisins á Krossstekk. Óvíst er um aldur þessa mannvirkis og einungis lítill hluti þess mun verða fyrir skemmdum. Verði engin breyting á vegslóðanum eða jarðvinnsla utan hans eru litlar líkur á að aðrar minjar verði fyrir skemmdum. Sé sýnt að breyta þurfi slóðanum þarf að endurskoða skráninguna og hættumatið. Allar ákvarðanir um mótvægisáðgerðir eða breytingar á framkvæmdasvæðum eru í höndum Minjastofnunar Íslands. Þó svo að minjar sjáist ekki lengur á yfirborði kunna ummerki um þær að leynast neðanjarðar. Ef minjar koma upp við framkvæmdir ber að stöðva þær tafarlaust og tilkynna fundinn til Minjastofnunar sem metur hvort og til hvaða mótvægisáðgerða þarf að grípa.



## Heimildaskrá

### Prentaðar heimildir:

Guðný Zoëga (2023). *Fornleifaskráning vegna áformaðrar skógræktar og byggingaframkvæmda á Krossi í Mjóafirði*. Rannsóknarskýrslur 2023/003.

*Íslenskt fornbréfasafn IV. bindi*. Hið Íslenska Bókmenntafélag 1897.

Johnsen, J (1847). *Jarðatal á Íslandi*. S. Trier.

*Manntal á Íslandi árið 1703*. Tekið að tilhlutun Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Gutenberg 1924-27.

*Sveitir og jarðir í Múlapingi 2. bindi*. Búnaðarsamband Austurlands 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson (1988). *Mjófirðingasögur. Annar hluti*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs.

### Örnefnaskrár:

*Örnefnaskrá Kross*. Vilhjálmur Hjálmarsson skráði eftir Agli Stefánssyni. Örnefnastofnun Íslands.

*Örnefnaskrá Reykja*. Vilhjálmur Hjálmarsson skráði eftir Gísla Björnssyni.

### Netsíður:

Loftmyndir og örnefnaþekja á heimasíðu Landmælinga Íslands:

[www.lmi.is](http://www.lmi.is)

Lög um menningarminjar á vef alþingis:

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Túnakort fengin af síðu Þjóðskjalasafns Íslands.

<http://testbirting.manntal.is/>

### Heimildamaður:

Ólafur H. Wium.

# Fylgiskjöl

### Hnitaskrá 3131

Minjar með hnitum											
Númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur_til	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Fjarlægð frá línuleið	Austun	Norðun
3131-001	Hólshlaða?	hlaða	tóft	1920	1952	vel greinanleg	hætta	framkvæmdir	14m	746821	531233
3131-002		samgöngubót	vegur	1955	2000	greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	í línu	746637	531130
3131-003		girðing	hleðsla	1900	1960	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	5m	743633	530708
3131-004		óþekkt	niðurgröftur	1900	1950	greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	0m	744888	530824
3131-005	Kross	híbýli	steinsteypa, hleðsla	1700	1950	vel greinanleg	engin hætta	framkvæmdir	23m	744949	530800
3131-006		fjós, hlaða	tóft	1800	1960	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	9m	745215	530817
3131-007		stekkur, fjárhús/hlaða?	tóft	1800	1920	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	8m	745742	530908
3131-008	Gilsártangarétt	rétt	hleðsla, timbur	1800	1970	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	6m	746093	531021
3131-009		túngarður	garðlag	1900	1950	vel greinanleg	engin hætta	framkvæmdir	26m	743120	530808
3131-010		sjóhús	hleðsla	1900	1960	vel greinanleg	engin hætta	framkvæmdir	25 m	745781	530910
3131-011	Árbástóft	sjóhús, hjallur	heimild	1900	1982	horfin				745768	530931
3131-012		matjurtagarður	niðurgröftur	1900	1950	greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	7m	745761	530919
3131-013		samgöngubót	gata	900	1955	greinanleg	hætta	framkvæmdir	í leið	743861	530711

# Yfirlitsmynd sem sýnir minjar á skráningarsvæðinu



## Skýringar

- Minjar
- Eldri götur
- Vegur

